

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006,  
með síðari breytingum (forkaupsréttur sveitarstjórnar).

Flm.: Páll Jóhann Pálsson, Silja Dögg Gunnarsdóttir.

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. 1. másl. 3. mgr. orðast svo: Eigi að selja fiskiskip, með eða án aflahlutdeildar, eða framselja aflahlutdeildir af viðkomandi fiskiskipi, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem hefur heimilisfesti í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu ásamt aflahlutdeildum eða eftir atvikum aflahlutdeildum einum og sér.
- b. Á eftir orðunum „að kaupa skipið“ í 4. mgr. kemur: og/eða aflahlutdeildir.
- c. Á eftir orðunum „Sé skipi“ í 1. másl. 5. mgr. kemur: og/eða aflahlutdeildum.
- d. Á eftir orðunum „sé skip selt“ 2. másl. 5. mgr. kemur: og/eða aflahlutdeildir framseldar.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sveitarstjórn eigi einnig forkaupsrétt, skv. 3. mgr. 12. gr. laga um stjórn fiskveiða, þegar aflahlutdeildir eru framseldar útgerð sem hefur heimilisfesti í öðru sveitarfélagi. Samkvæmt gildandi lögum á sveitarstjórn aðeins forkaupsrétt ef fiskiskip er selt og því geta aflahlutdeildir færst í hendur útgerðar í öðru sveitarfélagi án þess að sveitarstjórn eigi þess kost að njóta forkaupsréttar.